



Tengsl við nærsamfélagið og aðra skóla

Staðsetning skólans í hjarta borgarinnar hefur ýmsa ómetanlega kosti. Söfn, fyrirtæki og stofnanir, garðar, höfnin, fjaran, verslanir, stjórnkerfi borgar og ríkis, listir og menning eru innan seilingar. Á hverjum skólavetri nýtum við okkur þessa kosti. Grenndaraskógurinn okkar er Mæðragarðurinn og Hljómskálagarðurinn, en samkomulag um grenndarskóg var undirritaður skólaveturinn 2009-2010. Öskjuhlíðin og Nauthólsvíkin eru einnig heimsóttar, háskólarnir, Askja, Norræna húsið, Hafrannsóknarstofnun, Skólapingið, Alþingi, Myndlistaskólinn í Reykjavík, Bíó Paradís, Lögreglustöði... og þannig mætti lengi telja. Allt eru þetta dæmi um þá fjölbreyttu staði sem nemendur fá að kynna og upplifa.

Við höfum einnig mikil tengsl við okkar nánustu granna; Dómkirkjusöfnuðinn í Reykjavík og Iðnó. Nemendur í skólanum hafa fengið afnot af Safnaðarheimili Dómkirkjunnar á hverjum vetri þegar við höfum þurft á að halda s.s. til jógakennslu og undirbúning fyrir Lego League keppni. Skólasetningar og skólaslit fara fram í Dómkirkjunni í ágúst og júní. Auk þess er ein „flóttaleiðin“ okkar í gegnum stigagang safnaðarheimilisins. Sú leið er notuð á hverjum vetri þegar við höfum rýmingaræfingar.

Iðnó hefur hýst árhátíðir nemenda í mörg ár og þegar nemendur setja upp veglegar leiksýningar eru þær sýndar í gamla leikhúsinu Iðnó. Þannig hefur skapast notalegt samspil á milli þessara góðu granna. Ekki má gleyma því að Kvinnaskólinn í Reykjavík hefur leigt okkur íþróttasal og Grandaskóli eldhús fyrir heimilsfræðikennslu.

Reykjavíkurtjörn er einnig ómæld uppspretta augnayndis á öllum árstíðum. Það er góð upplifun að hafa vatn og fjarska fyrir utan gluggann. Það vekur vellíðan að hafa náttúruna rétt við skólatröppurnar.

Á opnum fundum skólaráðs höfum við leitað eftir hugmyndum frá foreldrum um hvernig nýta megi nærumhverfið okkar. Við höfum gert grein fyrir þeirri hugmyndavinnu í sjálfsmatsverkefnum skólans.

Sjá bls. 29:

<http://tjarnarskoli.is/skrar/file/sjalfsmat/sjalfsmatsskyrsla-tjarnarskola-2015-2016-lok.pdf>



